

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Brjef landshöfðingja til amtsráðs norður- og austurumdæmisins¹ um fjallvegi. — Með því að svo er fyrir mælt í 2. grein laganna um vegina á Íslandi frá 15. oktbr. f. á., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum hlutaðeigandi amtsráðs, hverjir vegir skuli vera fjallvegir, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að hið heiðraða amtsráð sendi mjer sem fyrst, í síðasta lagi innan 1. ágústs þ. á., tillögur sínar um þetta mál, að því leyti norður- og austurumdæmið á í hlut.

10.
jan.

Af því að lögin öðlast eigi gildi fyrr en áðurnefndan dag, mun varla geta orðið umtalsmál að verja nú þegar á þessu ári nokkru að mun af þeim 15000 krónum, sem veittar eru í fjárlögnum fyrir árin 1876 og 1877, til vegabóta á fjallvegum. Þó virðist mega byrja slíkar vegabætur á þessu ári eða fara að reyna að bæta úr göllum þeim, sem mest riður á að eyða, og verð jeg því að biðja amtsráðið að senda mjer einnig tillögur sínar um vegabætur þær, er haganlegt virðist að undirbúa eða vinna að, sumpart á þessu ári, sumpart á árinu 1877, og býst jeg við, að hið heiðraða amtsráð í tillögum sínum skýri mjer frá, hvernig vegabæturnar að áliti þess verði unnar á sem haganlegastan hátt, og hver kostnaðurinn við þær muni verða.

Þar eð svo er fyrir mælt í 3. gr. vegalaganna, að veita skuli annaðhvort ár í fjárlögnum fje það, sem með þarf til vegabóta á fjallvegum, mun eigi vanþörf á að gjöra nú þegar ætlun fyrir fleiri ár um þessar vegabætur, og mælist jeg til þess, að hið heiðraða amtsráð ihugi og sendi mjer tillögur sínar um, hvernig tilgangi löggjafans með þessum lögum, sem er að koma á góðum vegum, hjer á landi, verði, þegar á allt er litið, haganlegast komið fram, að því er snertir fjallvegina í norður- og austurumdæminu, hve langur tími muni ganga til þess, í hvaða röð eigi að taka nefnda fjallvegi fyrir til endurbótar og hve miklu fje óskilegt sje að varið yrði til þeirra á hverju ári.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um að þinglýsaskuliskipunarbrjefum gjaldheimtumanna. — Hæstirjettur hefir í dómi, upp kveðnum 1. septbr. f. á., í máli milli rikissjóðsins og skuldaheimtumannanna í búi Magnúsar Gíslasonar, álitid, að þinglesin skuld með fasteignarveði eigi að ganga fyrir fjárkröfum landssjóðs út af gjaldheimtum, ef skipunarbrjef hlutaðeigandi gjaldheimtumanns hefir eigi verið lesið á þingi því, er viðkomandi fasteign liggur undir.

2
15.
jan.

Fyrir því skal jeg samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa konungs í brjefi frá 15. nóvbr. f. á. þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla gjaldheimtumenn í umdæmi yðar, hvort sem þeir hafa verið settir um stundarsakir eða skipaðir fyrir fullt og allt, að láta þinglýsa skipunarbrjefum sínum eða löggildingum, ekki að eins þar sem þeir eiga lögheimili, heldur einnig í þeim þinghám, er þeir kynni að eiga fasteignir í.

1) Sama dag var ritað amtsráðunum í suður- og vesturumdæmunum á sömu leið.

2) Sama dag var ritað amtmanunum yfir suður- og vesturumdæminu á sömu leið.

Hinn 21. febr. 1876,